



# Keppnisreglur

## 1.

**Mótið samanstendur af fimm umferðum sem leiknar eru samkvæmt svokölluðu Schenkel-kerfi. Auk þess leika tvö efstu liðin eftir þessar fimm umferðir úrslitaleik um gullverðlaun og liðin í þriðja og fjórða sæti um bronsverðlaun.**

Tvö stig fást fyrir unninn leik, eitt stig fyrir jafntefli. Dregið er til fyrstu umferðar en eftir hverja umferð er liðunum raðað upp eftir stigum, þá unnum umferðum, þá skoruðum steinum. Ef þannig fæst ekki skorið úr hvaða fjögur lið skuli spila úrslitaleikina skal fara fram skotkeppni (draw shot challenge) á laugardag kl. 11:00 samkvæmt krullureglum WCF. Í hverri umferð leika saman liðin í 1. og 2. sæti, liðin í 3. og 4. sæti og svo framvegis. Lið leikur ekki tvisvar gegn sama andstæðingi (úrslitaleikir frátaldir). Ef lið hefur þegar leikið gegn liðinu í næsta sæti fyrir neðan er leitað í næsta sæti þar fyrir neðan.

## 2.

**Hvert lið leikur tvo leiki á fimmtudegi (1. maí), tvo leiki á föstudegi (2. maí) og einn á laugardegi (3. maí). Fjögur efstu liðin leika um verðlaunasæti eftir hádegi á laugardag.**

Leikir hefjast kl. 8:30, 11:00, 14:00 og 16:30 á fimmtudag (1. maí) og föstudag (2. maí) og kl. 8:30, 11:00 og 14:00 á laugardag (3. maí). Eftir að öll liðin hafa leikið þrjá leiki er þeim skipt í A (8 lið) og B (6 lið) og leika eftir það við lið innan síns hóps. Það lið sem verður efst í B-hópi verður verðlaunað sérstaklega. Liðin eru minnt á að mæta tímanlega til leiks og vera tilbúin til upphitunar um 10 mínútum fyrir leik eða um leið og svellið er tilbúið. Upphitun fer fram samkvæmt samkomulagi á milli liða.

## 3.

**Við upphaf leikja er klukkan í Skautahöllinni stillt á 85 mínútur og telur niður.**

Þegar flautan gellur skal ljúka þeirri umferð sem þá er í gangi og leika eina umferð til viðbótar. Í þessum sambandi telst ný umferð hafin þegar síðasti steinn í umferð er kominn af stað. Leikmenn eru minntir á að leika á eðlilegum hraða og tefja ekki leikinn vísvitandi. Úrslitaleikir eru 8 umferðir án tímatöku.

## 4.

Ef lið mætir ekki til leiks með minnst þrjá leikmenn þegar tíu mínútur eru liðnar á klukkunni telst það hafa tapað leiknum og liðið sem mætti til leiks fær þá skráð 2 stig, 4 unnar umferðir og 4 skoraða steina.

## 5.

Að öðru leyti gilda reglur Alþjóða krullusambandsins, WCF, eftir því sem við á.